

Sp.

110. Tillaga til þingsályktunar

[99. mál]

Um oliuhöfn og birgðastöð í Helguvík.

Flm.: Ólafur Björnsson, Karl Steinar Guðnason, Matthías Á. Mathiesen,
Ólafur G. Einarsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að hraða svo sem verða má byggingu oliustöðvar í Helguvík á grundvelli þess samkomulags sem undirritað var af nefnd skipaðri af utanríkisráðherra og fulltrúum varnarliðsins í umboði NATO 23. maí s. l.

Greinargerð.

Skömmu eftir komu bandaríska varnarliðsins til landsins 1951 var lögð oliuleiðsla frá höfninni við Vatnsnes upp að oliutönkum, sem þá voru einnig reistir upp af Njarðvík sunnan landamerkjja Keflavíkur. Þetta var skyndiframkvæmd sem enginn gerði ráð fyrir að yrði nema til bráðabirgða. Ekkert tillit var tekið til skipulags og því síður til mengunarvarna miðað við þær kröfur, sem nú eru gerðar í þeim efnum um meðferð oliu. Þessi bráðabirgðamannvirki eru nú búin að standa í nær þrjátíu ár án teljandi endurbóta. Á þessum tíma hefur byggð þanist út bæði í Njarðvík og Keflavík. Tankarnir eru löngu farnir að standa í vegi fyrir skipulagi, byggð er komin fast að þeim og leiðslunni. Úi yfir allt tekur þó að þetta löngu úrelta tankasafn er í næsta nágreanni við vatnsból beggja byggðarlaganna. Öllum má vera ljóst að við þetta ástand er ekki hægt að una, enda hafa sveitarstjórnir beggja bæjanna árum saman krafist úrbóta. Sameiginlega hafa sveitarstjórnirnar fengið álit ýmissa stofnana sem málið varðar, og öll álit hafa verið á einn veg. Af bæði tönkunum og leiðslunni stafar stór hættu. Margoft hefur verið bent á það hættuástand sem skapast gæti í höfninni ef olía rynnir í hana í stórum stíl, reyndar hefur oftast en einu sinni munað litlu að það gerðist.

Oliuleiðslan liggur óvarin ofanjarðar þegar kemur upp fyrir Reykjanesbraut og með lóðarmörkum efstu húsanna í Njarðvík. Næstu tankar eru innan við 200 metra frá húsunum. Frá tönkunum hallar landinu verulega að byggðinni, yfir hana gæti komið oliuflóð. Hver vill bera ábyrgð á því sem þarna gæti gerst ef óhapp bæri að höndum? Er ekki komið svo, að þótt þessi búnaður gæfi sig gæti það tæpast kallast óhapp, heldur eðlilegt miðað við aldur og allan aðdraganda? Þá skal einnig bent á hættu sem umferð á Reykjanesbraut stafar af stöðugri keyrslu stórra oliubíla suður á flugvöll frá oliubirgðastöðvum í Reykjavík.

Árið 1977 kannaði Hafnamálastofnunin hvaða staðir kæmu til greina fyrir oliuhöfn í nágreanni. Niðurstaðan varð Helguvík. Það er svo loks í október 1979 að þáverandi utanríkisráðherra skipar nefnd til þess að ræða þessi mál við fulltrúa NATO. Nefndinni var skammtaður tími til starfa, hún hóf störf 30. október 1979 og skilaði sameiginlegum tillögum 23. maí 1980.

Nú liggur fyrir að oliuhöfn og birgðastöð er NATO reiðubúið til þess að byggja í Helguvík og að sjálfsögðu Íslendingum að kostnaðarlausu. Byggingartími þyrfti ekki að vera nema sjö ár og hann hefði verið hægt að stytta um eitt ár ef íslensk stjórnvöld hefðu lagt út, til að byrja með strax á þessu ári, fyrir jarðvegs- og botnrannsóknnum.

Þetta ár er nú að liða án þess að íslensk stjórnvöld hafi tekið ákvörðun í málinu. Ástandið er löngu orðið óþolandi fyrir íbúa byggðarlaganna. Það er með öllu óviðunandi að íslensk stjórnvöld standi í vegi fyrir að hafist verði handa um lausn á þessu vandræðaástandi, sem þau beint og óbeint hljóta að bera ábyrgð á gagnvart íbúum Keflavíkur og Njarðvíkur. Það er vægast sagt glæfraspil að ætla þessum löngu úreltu og á allan hátt ólöglegu tönkum að endast meira en sjö ár til viðbótar þeim þrjátíu sem þeir þegar hafa hangið upp.

Með hverju ári hafa þessir bæir leyst fleiri mál í sameiningu og forráðamenn beggja eru á einu máli um að sameining bæjanna sé aðeins tímaspursmál. Þessi áform hafa nú verið undirstrikuð með því að hefja umræðu um að skipuleggja svæðið, sem margnefndir olíutankar standa á, sem framtíðarmiðbæ fyrir bæina sameinaða, sbr. 9. fundargerð samstarfsnefndarinnar um skipulagsmál.

Menn getur greint á um hvort hér á landi eigi að vera varnarlið eða ekki. Vera þess er staðreynd, í ljósi þess verða menn að skoða málið. Því verður að vænta þess, að Alþingi geti staðið saman um að bægja þessari augljósu hættu og vandræðum frá íbúum Keflavíkur og Njarðvíkur. Þjark út af þessum málum hefur nú staðið að minnsta kosti frá árinu 1963. Hér á Alþingi hefur áður komið til umræðu sú hættu sem öll vatnsból Suðurnesjamanna eru í vegna olíumengunar.

Í svari við fyrirspurn í sameinuðu þingi 11. nóvember s. l. um olíuhöfn og birgðastöð í Helgúvík kom fram að allt er í óvissu um hvenær eða hvort í þessa framkvæmd verður ráðist. Eins og margsinnis hefur komið fram telja sveitarstjórnir í Keflavík og Njarðvík núverandi ástand í þessu máli alls óviðunandi. Með þessari tillögu til þingsályktunar er þess vænst að Alþingi taki af öll tvímæli í málinu.

Gögn, sem fylgja hér með, ættu að nægja til þess að sannfæra þingmenn um að ekki er seinna vænna að hefjast handa.

Meðfylgjandi er eftirtalið:

1. Bréf til Brunamálastofnunar ríkisins 15. sept. 1977.
2. Bréf til Samvinnunefndar um skipulagsmál 7. mars 1979.
3. Umsögn Náttúruverndarráðs 2. jan. 1980.
4. Umsögn Jóns Jónssonar jarðfræðings.
5. Fundargerð bæjarráðs Keflavíkur með bæjarráði Njarðvíkur 31. júlí 1980.

Fylgiskjal I.

Brunamálastofnun ríkisins,
Laugavegi 120,
105 Reykjavík.

15. sept. 1977.

Á sameiginlegum fundi bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur þann 21. júní s. l. var samþykkt að óska umsagnar yðar um hvort uppskipun eldsneytis í Keflavík og Njarðvík, geymsla og meðferð þess á Keflavíkurflugvelli samræmist reglum yðar.

Ástæðan fyrir erindi þessu er sú, að óhöpp hafa skeð í Keflavíkurhöfn, lagnir eru orðnar mjög gamlar og tankar og lagnir eru mjög nærri vatnsbólum bæjanna. Þá ber þess og að geta að lagnir þessar skerða mjög skipulag Keflavíkur og Njarðvíkur.

Sé frekari upplýsinga óskað, munu undirritaðir veita þær.

Virðingarfyllt,

Albert K. Sanders, Jóhann Einvarðsson,
bæjarstjóri í Njarðvík bæjarstjóri í Keflavík.

Samhljóða bréf sent:

Brunamálastofnun ríkisins,
Heilbrigðiseftirliti ríkisins,
Skipulagsstjórn ríkisins.

Afrit sent:

Heilbrigðiseftirlit ríkisins,
Brunavarnir Suðurnesja, eldv.eftirlit,
Varnarmáladeild.

Fylgiskjal II.

7. mars, 1979.

Til Samvinnunefndar um skipulagsmál
Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar,
c/o Hr. Aðalsteinn Júlíusson,
vitamálastjóri, form.
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Á sameiginlegum fundi bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur 20. mars 1978 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur eru sammála um eftirfarandi ályktun í sambandi við uppskipun og geymslu á eldsneyti fyrir Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll.

Á undanförunum árum hafa farið fram umræður og kannanir á milli Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Varnarmálanefndar um möguleika á að eldsneytisleiðslur varnarliðsins frá Keflavíkurhöfn að Keflavíkurflugvelli verði fluttar með tilliti til þess, að leiðslurnar standa í vegi fyrir skipulagi hafnarsvæðisins í Keflavík og íbúðasvæðis í Njarðvík.

Á síðastliðnu ári skemmdist olíuuppskipunarbryggja í Keflavíkurhöfn í óveðri og í framhaldi af því var óskað eftir því af stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, að ákvörðun yrði tekin um framhald uppskipunar á eldsneyti í höfninni. Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur hafa leitað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um málið (og fylgja umsagnir þeirra hér með).

Fram kemur í álitum þeirra að nauðsynlegt sé að kanna aðrar leiðir til uppskipunar á eldsneyti og er bent á tvo valkosti, þ. e. Helguvík og Innri-Njarðvík.

Bæjarráðin eru sammála um að leggja til við samstarfsnefnd um skipulagsmál, að hún láti gera ítarlega könnun á því, hvort fært sé að gera í Helguvík uppskipunarhöfn fyrir eldsneyti og að upp af vikinni á „Berginu“ verði útbúið tankasvæði fyrir allt eldsneyti sem um er rætt. Nefndinni verði falið að flýta þessu verkefni og taka það sérstaklega til meðferðar, svo að unnt sé að taka sem fyrst ákvörðun um framtíðarstað fyrir uppskipun og geymslu eldsneytis á svæðinu.“

Áður höfðu bæjarráðin óskað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um það, hvort núverandi uppskipun eldsneytis í Keflavík og Njarðvík, geymsla og meðferð þess á Keflavíkurflugvelli samræmist reglum þeirra stofnana.

Umsagnir bárust frá Skipulagsstjóra, Brunamálastofnun, Siglingamálastofnun og Heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, og fylgja afrit af bréfum þeirra hér með.

Auk þess, sem fram kemur í umsögnum þessum um hættur samfara löndun eldsneytis í höfninni og meðferð þess, hafa olíuleiðslur frá höfninni til flugvallar nú þegar staðið í vegi fyrir framkvæmdum í samræmi við staðfest skipulag, bæði í Keflavík og Njarðvík.

Í Keflavík á þetta við um stór athafnasvæði við höfnina, og í Njarðvík hindra leiðslurnar áframhaldandi uppbyggingu íbúðahverfisins norðan Hjallavegar og standa í vegi fyrir yfir 300 íbúða byggð.

Því er þess hér með farið á leit við yður, að þér hlutist til um, að samstarfsnefndin láti fara fram þá könnun á eldsneytislöndunaraðstöðu og geymslu í Helguvík, sem um getur í ályktun bæjarráðanna.

Virðingarfyllt,

Jóhann Einvarðsson, Albert K. Sanders,
bæjarstjóri í Keflavík. bæjarstjóri í Njarðvík.

Fylgiskjal III.

NÁTTÚRUVERRNDARRÁÐ.

Nefnd um olíubirgðastöð
á Keflavíkurflugvelli,
c/o Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastjóri,
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu,

2. jan. 1980.

101 REYKJAVÍK.

Efni: Staðarval olíubirgðastöðvar.

Náttúruverndarráð hefur móttengið bréf yðar dagsett 22. 11. 79 með ósk um að ráðið gefi umsögn um þá hugmynd að reisa nýja olíubirgðastöð fyrir Keflavíkurflugvöll í Helguvík, skammt norðan Keflavíkur.

Athugun ráðsins hefur beinst að því, hvort náttúruminum eða lífríki geti stafað hættu af slíkri starfsemi í Helguvík. Hefur ráðið m. a. leitað álits Jóns Jónssonar jarðfræðings, og fylgir umsögn hans hér með.

Á grundvelli þessarar skýrslu og umsagna annarra sérfræðinga á fundi sér ráðið ekki ástæðu til að mæla gegn olíubirgðastöð á þessum stað.

Með vinsemd og virðingu,

Árni Reynisson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

Oliustöð við Helguvík.

Náttúruverndarráð hefur óskað eftir umsögn minni varðandi staðsetningu oliustöðvar við Helguvík með tilliti til hugsanlegrar hættu á mengun grunnvatns frá slíkri stöð.

Í sambandi við þetta spursmál skal eftirfarandi tekið fram: Rosmhvalanes, eins og það hét til forna, er allt byggt upp af hraunlögum. Þetta eru dyngjuhraun og er líklegast að hvirfill dyngjunnar, gígurinn, hafi verið Háaleiti eða sem næst því þar sem flugstöðin nú er. Eldstöð þessi hefur verið virk á hlýsleiði fyrir síðustu isöld og gæti því verið eitthvað um 100 000—200 000 ára gömul, en næsta öruggt er að hún er yngri en 700 000 ára.

Dyngjur gjósa að jafnaði eingöngu hrauni. Því eru nær engin millilög í slíkum dyngjuhraunum. Hraunin hafa flætt með tiltölulega litlu millibili yfir landið. Að jafnaði eru þau þunn, oft aðeins 1—3 m, blöðrótt og mikið um holur í þeim á mótum einstakra hraunstrauma. Nægir í því sambandi að benda á norðurvegg Almannagjár á Þingvöllum, en þar er einkar góð og alveg sönn mynd af uppbyggingu dyngjuhraunastafla. Hraun af þessari gerð eru því mjög vatnsleiðandi, enda hafa boranir eftir neysluvatni í slíkar myndanir jafnan gefið góða raun.

Ekki er nokkur vafi á því, að grunnvatn af umræddu svæði streymir til sjávar í allar áttir nema til suðurs út af nesinu. Engin vatnsból virðast því vera eða geta orðið í rennslisstefnu grunnvatns frá þessari fyrirhuguðu oliustöð. Ekki er vitað um neinar sprungur í berggrunninum á þessu svæði, þær er áhrif gætu haft á stefnu grunnvatnsstrauma þar, og víst er með öllu að þar er komið talsvert út fyrir megin-sprungukerfi Reykjanesskaga, sem eins og kunnugt er stefnir norðaustur-suðvestur.

Samkvæmt ofansögðu verður ekki séð að frá þessari fyrirhuguðu oliustöð stafi nokkur hættu á mengun vatnsbóla eða grunnvatns, sem notað verði nú eða í framtíðinni.

Að sjálfsgöðu er hér reiknað með að allur umbúnaður slíkrar oliubirgðastöðvar verði í fullu samræmi við nútímakröfur.

Garðabæ, 15. 12. 1979

Jón Jónsson jarðfræðingur

Fylgiskjal V.

Fundargerð bæjarráðs.

Ár 1980, fimmtudaginn 31. júlí var bæjarráð saman komið til fundar ásamt bæjarráði Njarðvíkur á skrifstofu bjarstjórans í Njarðvík. Mættir voru bæjarráðsmennirnir Tómas Tómasson, Hilmar Pétursson og Ólafur Björnsson. Einnig var mættur Steinþór Júlíusson sem bjarstjóri og ritaði hann fundargerðina. Frá Njarðvíkurbæ voru mættir bæjarráðsmennirnir Ingvar Jóhannsson og Hilmar Þórarinnsson, ásamt Albert K. Sanders bjarstjóra.

Dagskrá:

1. Oluhöfn í Helgúvík.

1. mál: Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur voru saman komin til fundar til að ræða væntanlegar framkvæmdir við oliubirgðastöð og höfn í Helgúvík. Eftirfarandi samþykkt var gerð og samþykkt að senda hana utanríkisráðherra og fjölmiðlum:

„Sameiginlegur fundur bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur, haldinn fimmtudaginn 31. júlí 1980, fagnar þeirri ákvörðun utanríkisráðherra að hefja undirbúning að framkvæmdum við oliuuppskipunarhöfn í Helgúvík. Jafnframt lýsir fundurinn yfir ánægju sinni með mikil og góð störf nefndarinnar sem vann að undirbúningi málsins. Bæjarráðin benda á að tillögur nefndarinnar eru í meginatriðum í samræmi við óskir og ályktanir bæjarfélaganna, sem árum saman hafa farið fram á úrbætur í þessum málum, og benda í því sambandi á eftirfarandi samþykkt bæjarráðanna frá 20. maí 1978: „Á undanförunum árum hafa farið fram umræður og kannanir á milli Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Varnarmálanefndar um möguleika á að eldneytisleiðslur Varnarliðsins frá Keflavíkurhöfn að Keflavíkurflugvelli verði fluttar með tilliti til þess að leiðslurnar standa í vegi fyrir skipulagð hafnarsvæðisins í Keflavík og íbúasvæðis í Njarðvík.

Á síðastliðnu ári skemmdist oliuuppskipunarbyggja í Keflavíkurhöfn í óveðri og í framhaldi af því var óskað eftir því af stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, að ákvörðun yrði tekin um framhald uppskipunar á eldsneyti í höfninni. Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur hafa leitað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um málið. Fram kemur í álitum þeirra, að nauðsynlegt sé að kanna aðrar leiðir til uppskipunar á eldsneyti, og er bent á tvo valkosti, Helgúvík og Innri-Njarðvík. Bæjarráðin eru sammála um að leggja til við samstarfsnefnd um skipulagsmál, að hún láti gera ítarlega könnun á því, hvort fært sé að gera í Helgúvík uppskipunarhöfn fyrir eldsneyti og að upp af vikinni á „Berginu“ verði útbúið tankasvæði fyrir allt eldsneyti sem um er rætt. Nefndinni verði falið að flýta þessu verkefni og taka það sérstaklega til meðferðar, svo að unnt verði að taka sem fyrst ákvörðun um framtíðarstað fyrir uppskipun og geymslu eldsneytis á svæðinu“.

Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur ítreka fyrri samþykktir sínar í þessu máli og benda jafnframt á þá miklu mengunarhættu sem vatnsbólum bæjanna stafar af núverandi oliugeymum sem eru orðnir gamlir og hættulega nálægt byggð, en í fjölda-mörg ár hafa bæjaryfirvöld bent á þessa hættu og krafist úrbóta.

Mörg undanfarin ár hefur öllu eldsneyti, sem notað er vegna farþegaflugs frá Keflavíkurflugvelli, verið ekið um Reykjanesbraut frá Reykjavík og Hafnarfirði. Akstur þessi hefur valdið miklu sliti á Reykjanesbraut og skapar mikla slysa-hættu á þjóðveginum.

Bæjarráðin leggja áherslu á að öll framangreind atriði séu höfð í huga við endanlegar ákvarðanir og skora á stjórnvöld að hvíka ekki frá ráðgerðum framkvæmdum í Helgúvík.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Tómas Tómasson.

Ólafur Björnsson.

Hilmar Pétursson.